

Refa- og minkaveiðar í Mosfellsbæ 2018-2019

Minnisblað

Refur:

Skipulagðar veiðar á ref hafa verið stundaðar í Mosfellsbæ verið stundaðar frá 1980, en mismunandi miklar í öðrum nágrannasveitarfélögum. Refaveiðar eru t.d. takmarkaðar á sumum svæðum í nágrannasveitarfélögunum, og í Heiðmörk er lítið veitt af ref. Þetta hefur það í för með sér að stofninn þar er sterkur og stöðugt bætast ný dýr við stofninn, sem getur náð inn í Mosfellsbæ, þegar dýr færa sig yfir bæjarmörkin til að afmarka sér svæði. Ríkisvaldið hætti á tímabili endurgreiðslu vegna refaveiða, sem olli því að kostnaður vegna refaveiða lenti meira á sveitarfélögunum en áður, sem víða olli því að þurfti að draga úr veiðum. Búið er að taka upp endurgreiðslur að nýju með sérstöku samkomulagi við sveitarfélög.

Veiðar á ref eru taldar nauðsynlegar til að halda fjölda refa í skefjum og takmarka útbreiðslu þeirra í Mosfellsbæ. Líklegt má telja að ef bæjarfélagið stæði ekki fyrir grisjun á refastofninum væru vandamál af völdum þeirra mun meiri vegna þéttleika stofnsins, refir gæti farið að sækja í rusl heima á bæjum og í lömb í auknu mæli og áhrif á mófugla gætu verið talsverð. Aðgerðir beinast því að því að takmarka fjölda og útbreiðslu dýranna og halda vexti stofnsins í skefjum.

Veiðitölur undanfarinna ára sýna að stofnstærðin í Mosfellsbæ hefur verið fremur stöðug á síðustu árum, þó einhverjir toppar og lægðir komi milli ára. Veiðar á fullorðnum dýrum virðast vera mjög sambærilegur milli ára, en helstu sveiflur vera í fjölda yrðlinga. Óvenju margir yrðlingar veiddust veiðitímabilið 2006/2007 og tímabilið 2009/2010, en færri árin eftir. Frá árinu 2015 virðist sem fjöldi veiddra yrðlinga hafi aukist aftur og hefur haldist í um 30 dýrum s.l. fjögur ár. Svipaður fjöldi fullorðinna refa veiddist í ár og undanfarin ár. Gera má ráð fyrir því að munur í fjölda veiddra refa milli ára sé að einhverju leyti tilviljun, stofninn haldist nokkuð stöðugur, enda tekur mikinn tíma að ná hverju greni. Þó virðist ljóst að veiðar á ref í Mosfellsbæ skipta miklu máli við halda stofninum í lágmarki á svæðinu.

Minkur:

Ágætur árangur hefur náðst í minkaveiðum á undanförunum árum og hefur tekist að fækka mink í Mosfellsbæ mikið frá því sem áður var. Frá árinu 2005, þegar skipulagðar veiðar hófust að ráði, hefur fjöldi veiddra minka farið stöðugt niður á við. Þó virðist ekki hafa tekist að útrýma honum alveg eða vinna öll greni þrátt fyrir að stíft sé sótt að honum með hundum og gildrum. Margir hvolpar koma úr hverju goti, þannig að fjöldinn er fljótur að fara upp ef slakað er mikið á aðgerðum gegn mink. Því er nauðsynlegt að viðhalda eins og kostur er veiðum og vinnslu grenja, til að forðast að stofnstærð aukist aftur. Fjöldi veiddra dýra, sérstaklega hvolpa, hefur farið upp frá árinu 2015 og er nú um 30-40 hvolpar á ári, og um 75-80 dýr í heildina. Veiðarnar 2018-2019 gengu vel og svipaður fjöldi og árin á undan, sem bendir til þess að aðgerðir til fækkunar á mink nái að halda stofnstærð hans í lágmarki.



Tómas G. Gíslason
umhverfisstjóri
12. nóvember 2019